

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Nýidalur, L165352.

Tillagan tekur til um 6 ha svæðis er liggur við Sprengisandsleið, F26. Skálasvæðið tilheyrir í dag Vatnajökulsþjóðgarði og er við mynni Nýjadals á melbarði sunnan Nýjadalsár (Fjórðungakvísar). Sprengisandsleið, F26, liggur um skálasvæðið, suðvestan við Tungnafellsjökul. Skálasvæðið er innan þjóðlendu. Afmörkun deiliskipulags mun ná utan um skála svæðisins, auk salernishúss, tjaldstæðis, hestagerðis og vatnsverndarsvæðis.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. ágúst 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2020